



Áfangalýsing ML

Titill:	Myndlist 2
Námsgrein:	Listir og hönnun
Viðfangsefni:	Straumar og stefnur í myndlist
Skammstöfun:	LISTSSY04
Þrep:	2
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	Áfanginn <i>Straumar og stefnur í myndlist</i> er sjálfstæður framhaldsáfangi myndlistar á haustönn. Hér er meiri áhersla á listasöguna og myndlistarfólk í fortíð og nútíð. Nemendur halda áfram að þjálfra sig í helstu þáttum myndlistar ásamt því að prófa sig áfram með ný amboð og nýjar hugmyndir.
Forkröfur:	
Þekkingarviðmið:	Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: • Mismunandi stílum myndlistar • Helstu skeiðum í sögu myndlistar • Helstu listamönnum í listasögunni og nútímalistamenn • Mismunandi efnum og amboðum myndlistar
Leikniviðmið:	Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • teikna hluti í réttum hlutföllum og skyggja þá • beita litum til að ná fram mismunandi áhrifum • nýta sér andstæðuliti til að ná fram áhrifum • nota mismunandi efni til að ná fram ólíkum áhrifum og áferðum • nota önnur efni, eins og leir
Hæfniviðmið:	Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • sýna að hann geti þróað hugmyndir sínar frá skisum að lokaafurð • vinna hugmyndir út frá sögulegum verkum og gera að sínu eigin • ræða og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum • njóta myndlistar
Námsmat	Útfært nánar í kennsluáætlun.